

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Malb.st. Hlaðbær-Colas (bikstöð) Hafnarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.11.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Malb.st. Hlaðbær-Colas (bikstöð)	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Óseyrarbraut 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	23.99
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Björnsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar botþykktarmælingu á tönkum□

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin starfsemi var í stöðinni er eftirlit fór fram og tankarnir nánast tómir. Liggur starfsemin niður yfir vetrartímann en eru tankarnir fylltir í byrjun árs og bikið geymt þar til stöðin er sett aftur af stað á vormánuðum.

Farið var yfir niðurstöður síðasta eftirlits. Eitt frávik komi fram í því eftirliti er varðar botþykktarmælingu á tönkum. Það frávik stendur enn þar sem mjög erfitt er að taka botþykktarmælingu á biktönkum. Skv. 20 gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi skal þykktarmæla botn og neðsta umfar olíubirgðageyma, aðra en jarðbiksgeyma, eigi sjaldnar en á tíu ára fresti. Rekstraraðila er bent á að óska þarf eftir breytingu á gr. 3.2 í starfsleyfi til að það sé í samræmi við gildandi reglugerð.

Í stöðinni eru 3 stórir biktankar, þar af einn nýr frá 2017 (2200m<sup>3</sup>, 1600m<sup>3</sup>, 1090m<sup>3</sup>) og einn minni dagtankur (35m<sup>3</sup>). 3 bikkpæutankar (35m<sup>3</sup>) eru á lóðinni, einn tankur (100m<sup>3</sup>) fyrir ethyl ester og einn lítl tankur fyrir white spritt (20m<sup>3</sup>). Steypt lekavarnarpró er í kringum tankana og skiptist hún í þrjá hluta. Stóru tankarnir standa í stærstu þrónni, minni tankarnir sex standa í minni þró og loks er stöðin sjálf í steyptri þró þar sem hallinn liggur frá stöðvarhúsi og inn eftir lóð. Áfyllingarplan er olíuhelt og öll niðurföll, á lóð sem og í stöðvarhúsi eru tengd olíuskilju. Einstreymisloki er á olíuskilju og kvittanir til staðar vegna þjónustu við hana. Var hún síðast þjónustuð nú í vor.

Yfirbyggðar og lokaðar lekabyttur eru undir tveimur, 1000L saltsýrutönkum sem standa utan við húsveg stöðvarhússins.

Nýjar lagnir hafa verið þrýstiprófaðar og sendir rekstraraðili niðurstöður þeirra prófana til eftirlitsaðila. Biklagnir er ekki hægt að þrýstiprófa en sjónskoðun er framkvæmd reglulega á þeim lögnum sem liggja ofanjarðar.

Öryggisblöð eru til staðar og ADR farmbréf. Starfsmenn fá þjálfun og þekking þeirra skráð í gagnagrunn fyrirtækisins. Átak hefur verið gert í efnaþrýstingum og uppfærslu á öryggisblöðum. Starfsleyfi var til staðar í starfsstöð.

Umhverfismarkmið eru birt í Grænu bókhaldi fyrirtækisins. Flokkunarmál úrgangs verið endurskoðuð og komin í góðan farveg. Góðar verklagsreglur eru til vegna löndunar biks og aðgengilegar starfsmönnum í gæðahandbók.

Skráningar í rekstrardagbók eru rafrænar og aðgengilegar starfsmönnum og eftirlitsaðilum í eftirliti. Kvittanir frá móttökuaðila v. móttöku spillfna voru til staðar.

Gengið var um vinnslusvæði stöðvarinnar og aðstæður skoðaðar. Lóðin er afgirt og aðgangur takmarkaður alla jafna. Er eftirlitið fór fram var búið að rjúfa girðingu upp við götuna til að auðvelda aðkomu vinnuvéla en verið að að vinna við endurnýjun lagna í stöðinni. Nokkuð var um bretti og rusl á lóðinni og bent er á að ganga þurfi snyrtilega frá hlutum sem geymdir eru á lóðinni.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila varðandi starfsemina. Eitt slys var í stöðinni í júlí sl. þegar krani við tank gaf sig og um 15t af biki lak í lekavarnarpróna. Búið er að hreinsa bikið upp og var það endurunnið. Ný mól hefur verið sett í lekavarnarpróna.

### Frávik frá

Gr. 3.2 í starfsleyfi

### Lýsing á frávik

Botnar og þykkt neðsta umfars geyma skal mæla á minnst 10 ára fresti.

Geymar merktir EE, SB1 og SB2 voru þykktarmældir í febrúar 2010 og þarf því ekki að þykktarmæla fyrr en árið 2020 en þykktarmæla átti

aðra geyma fyrir árslok 2015. Þetta frávik er einnig frávik síðasta eftirlits. Rekstraraðili hyggst sækja um breytingu á starfsleyfi til samræmis við nýja reglugerð 884/2017 á næsta ári.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu. □


## ANNAÐ

Rekstraraðili er með ISO 9001.2015 vottun og hafa hafið undirbúning á Factory Production Control vottun sem gefur heimild til CE merkingar. Reiknað er með að sú vottun verði veitt 2018. Að sögn rekstraraðila er mikil áhersla lögð á umhverfismál í innri úttektum fyrirtækisins. Orkusparnaðaráttak er hjá Colas samsteypunni og er rekstraraðili aðili að því átaki. Unnið er að aukinni rafmagnsvæðingu og skrifað hefur verið undir loftslagsskilmála FESTA. Úttekt vegna aðildar að ISO 14001.2015 vottun fór fram í apríl sl. og hefur afrit af þeirri vottun verið sent eftirlitsaðila. Fáar athugasemdir komu fram við úttektina og hefur verið brugðist við þeim. Einnig hefur rekstraraðili OHSAS 18001 vottun.

Reykjavík, 14.12.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir